

M-23/2019. Álit 28. júní 2019.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. júní 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-23/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Pann 19. mars 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á skúringarvél af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að rafhlaða skúringarvélarinnar sé gölluð.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt skúringarvél af gerðinni Z fyrir um 24.000 krónur í byrjun apríl 2018. Vélin er „hætt að halda hleðslu“ að sögn álitsbeiðanda og snýst hægt svo ekki er unnt að klára að skúra. Álitsbeiðandi hefur fest kaup á nýju hleðslutæki sem kostnaði ásamt sendingarkostnaði 7.690 krónur en spurði seljanda hvort batterí vélarinnar sé í ábyrgð. Seljandi sagði að aðeins sex mánaða ábyrgð væri á batteríinu og krefst álitsbeiðandi þess að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ábyrgðin gildi lengur en sex mánuði.

Hinn 26. mars 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum svo unnt yrði að leysa úr málinu. Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson